

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 23. nóvember 2009

**Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 9. mál.**

Skógrækt ríkisins ítrekar umsögn sína um þessa þingsályktunartillögu frá 18. mars s.l. um að hagsmunir Íslands geti falist í fleiru en „íslenska ákvæðinu“. Íslendingar geta bundið alla umframlosun CO<sub>2</sub> með aukinni skógrækt. Við höfum nægilegt landrými án þess að ganga á aðra hagsmuni og þekking á kolefnisbindingu í íslenskum skógum er fyrir hendi. Eftir því sem sú þekking hefur aukist hafa áætlanir um mögulega CO<sub>2</sub>-bindingu með skógrækt einnig aukist. Þá hefur kreppan leitt í ljós að okkur er nauðsyn að byggja upp okkar eigin skógarauðlind, þar sem kolefnisbinding verður einn þáttur í fjölbreyttum nytjum. Skógrækt ríkisins telur því ekki nauðsynlegt að hinu svo kallaða „íslenska ákvæði“ sé haldið til streitu í samningum um loftslagsmál.

Virðingarfyllt

---

Pröstur Eysteinnsson  
Sviðstjóri þjóðskóganna  
Skógrækt ríkisins